# STJÓRNARFUNDUR BSÍ

## FUNDARGERÐ

| | | |
|---|---|---|
| **Fundarstjóri:** BN | **Fundur nr. :** | |
| **Fundarritari:** MI | **Staður:** | Síðumúli 37 |
| **Fundargestir:**<br>Ólafur Sigmarsson (ÓS)<br>Hrannar Erlingsson (HE)<br>Guðný Guðjónsdóttir (GG)<br>Matthías Imsland (MI)<br>Gunnar Björn Helgason (GH)<br>Anna Guðlaug Nielsen (AGN)<br>Dagbjört Hannesdóttir (DH) | **Dagsetning:**<br>**Frá kl.:**<br>**Til kl.:**<br>**Næsti stjórnarfundur:**<br>Ákveðið síðar | 24.9. 2025<br>18:00<br>19:00 |

| Málsnr. | Umræður, ákvarðanir, niðurstöður: |
|---|---|
| 1 | Fundargerð síðasta fundar<br>Var samþykkt rafrænt milli funda |
| 2 | Drög að rekstraráætlun 2026<br>Farið yfir dröð að rekstraráætlun fyrir 2026. Gert er ráð fyrir tapi í kringum 500.þús. Árið er þungt vegna kostnaðar á Evrópumótinu í Lettlandi. Kostnaður vegna hótels, flugs og þátttökugjalda er ófjármagnaður og ljóst að erfitt er að taka þátt öðruvísi en með styrkjum.<br><br>Eins er mikið af óvissuþáttum, rekstrarsamningur er ekki frágengin vegna næsta árs, eins er samningur við Reykjavíkurborg að renna út um áramót sem Bridgesambandið hefur unnið að framlengingu að.<br><br>Það þarf að virkja spilara til að vinna saman að því að finna styrktaraðila og fyrirtæki sem vilja auglýsa. |
| 3 | Reksturinn 2025<br>Reksturinn gengur vel og heldur betur en áætlun. Gert er ráð fyrir hagnaði um rúmlega 3.milljónir.<br>Óvissan vegna 2026 litar hins vegar mjög mikið umræðu um reksturinn. Nauðsynlega þarf að finna styrktaraðila og eins er kostnaður vegna landsliðsverkefnis í Lettlandi verulegur. Ljóst er að ef ekki kemur til styrktarsamninga eða afreksgreiðslna verður erfitt fyrir Sambandið að taka þátt í svona verkefnum í framtíðinni. |
| 4 | Fjáröflun<br>Farið yfir ýmsar tillögur að auglýsingapökkum. Reyna að virkja bridgespilara með í þessa vinnu. |

| Málsnr. | Umræður, ákvarðanir, niðurstöður: |
|---|---|
| 5 | Starfið framundan<br>Farið yfir mót framundan og Bridgehátíið. Mikilvægt að allir stjórnarmenn séu að virkja spilara í að skrá sig og taka þátt í umræðu. |
| 6 | Landsliðsmál<br>Farið yfir stöðuna á landsliðsmálum, Evrópumóti í Lettlandi á næsta ári og hvernig hægt sé að fjármagna slík landsliðsverkefni. |
| 7 | Önnur mál<br>Voru engin |